

Samfélagsgreinar 8. bekkur

Kennarar: Björg Sæmundsdóttir; Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóventsdóttir

8

Skólaárið

2023-2024

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur verður farið í landafræði og sögu 20. aldar. Í landafræðinni er farið yfir heimsálfurnar og nemendum kynnt mismunandi menningar- og efnahagssvæði sem og náttúru og loftslag í hverri heimsálfu fyrir sig. Í sögunni er farið yfir sögu 20. aldar með áherslu á heimsstyrjaldirnar.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennsla í samfélagsgreinum og íslensku er samþætt. Áhersla í samfélagsgreinum er:

Um víða veröld - heimsálfur. Í landafræðinni er farið yfir heimsálfurnar og nemendum kynnt mismunandi menningar- og efnahagssvæði sem og náttúru og loftslag í hverri heimsálfu fyrir sig.

Styrjaldir og kreppa. Fjöllum um helstu atburði árána 1910 - 1945. Farið verður í fyrri heimsstyrjöldina, heimskreppuna, árin milli stríða og seinni heimsstyrjöldina.

Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagð sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Verkefni, kynningar, sjálfsmat, jafningjamat.

Námsgögn

Um víða veröld - heimsálfur.

Styrjaldir og kreppa.

Ýmis verkefni frá kennara.

AS Samfélagsgreinar 8. bekkur 2021 - 2024 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- gefið góðan vinnufrið
- tekið þátt í samræðum og hlustað

AS Samfélagsgreinar 8. bekkur 2021 - 2024 - Reynsluheimur

- greint afmarkaða sögu fyrri heimstyrjaldarinnar
- geti útskýrt hugmyndafræði fasista og nasista og hvernig þessi hugmyndakerfi höfðu áhrif á framvindu sögunnar í Evrópu
- áttað sig á mikilvægi dýraverndunar og náttúruverndar
- fjallað um ólík lífsskilyrði og þau mörk sem náttúran setur manningum
- gert sér grein fyrir og geti útskýrt afmarkaða þætti sögu sósíalista
- viti tildrög og afleiðingar seinni heimsstyrjaldarinnar
- þekkt til landshátta og náttúrufars